

Starfalyting:

Sóttthreinsitæknar starfa á ólíkum vinnustöðum á heilbrigðisstofnunum og hjá fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu. Sóttthreinsitæknar hafa góða kunnáttu í íslensku og ensku ásamt tölvufærni, þeir vinna eftir handbókum og vinnuleiðbeiningum af nákvæmni og áreiðanleika. Þeir taka þátt í framleiðsluferil á sóttthreinsun, þurrkun, skoðun, pökkun og dauðhreinsun í mismunandi dauðhreinsunarofnum og notkun á mismunandi tækni við dauðhreinsun. Sóttthreinsitæknar þekkja vinnuferli við flutning á dauðhreinsuðum vörum, geymslu búnaðar, sem og framleiðslu áætlanagerð. Þeir hafa eftirlit með efnum og dauðhreinsunarofnum og skrásetja, ásamt því að vinna í samræmi við viðurkennda gæðastaðla og öryggiskvarða. Sóttthreinsitæknar eru ábyrgir, ásamt öðru starfsfólki, fyrir rekjanleika framleiðslunnar. Þeir fylgja eftir grundvallarreglum um smitgát, sýna frumkvæði, skipulagsfærni, handlagni og hreysti

Hæfnikröfur:

- Hefur alhliða þekkingu og færni til að gegna þeim störfum sem tilheyra sóttthreinsitæknum samkvæmt starfslýsingum.
- Hefur gott vald á íslensku máli.
- Er fær um að skipuleggja, framkvæma, forgangsraða og meta eigin vinnu í samræmi við viðurkennda gæðastaðla og markmið stofnunar og fyrirtækis.
- Býr yfir mikilvægri þekkingu á umgengni og vinnu við dauðhreinsun frá upphafi til enda og kunnáttu til að velja réttar aðferðir með tilliti til lækningatækja og viðeigandi umbúða.
- Hefur tileinkað sér þekkingu á mikilvægi hreinlætis og smitvarna og kann að vinna samkvæmt umgengis- og sýkingavarnastöðlum.
- Þekkir, getur notað og túlkað öryggiskvarða og skráningu dauðhreinsitækja.
- Hefur alhliða þekkingu í sambandi við geymslu og flutning á dauðhreinsuðum vörum ásamt því að kunna að meðhöndla úrgang og efni til förgunar á viðeigandi hátt.
- Þekkir vinnuvernd, öryggi á vinnustað og gerir sér grein fyrir mikilvægi trúnaðar, þagmælsku og góðra samskipta.
- Getur komið fram af öryggi og fagmennsku gagnvart samstarfsfólki og virðir aðrar starfsstéttir, þekkingu þeirra og störf.
- Er fær um að afla fræðilegra upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum.
- Býr yfir áhuga og frumkvæði til að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Dags. 13.09.2018

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina